

Fundargerð

223. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 10. maí 2016 kl. 12¹⁵–14¹⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðast fundar
- (2) Ársreikningur 2015
- (3) Rekstur fyrsta ársfjórðungs 2016
- (4) Raftækjaúrgangur
- (5) Skilmálar um móttöku ökutækja til úrvinnslu
- (6) Frumvarp um meðhöndlun úrgangs
- (7) Heyrúlluplast
- (8) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (222. fundar).

Samþykkt

2. Ársreikningur 2015

Lagður fram undirritaður ársreikningur Úrvinnslusjóðs 2015. Lagt var fram á fundinum og farið yfir staðfestingarbréf stjórnenda ríkisaðila vegna ársreiknings 2015.

3. Rekstur fyrsta ársfjórðungs 2016

Frestað.

4. Raftækjaúrgangur

Lagt var fram og farið yfir erindi frá Efnamóttökunni og Sorpu um hækkun endurgjalds vegna raftækjaúrgangs með hliðsjón af kostnaði við geymslu raftækjaúrgangs á söfnunarstöðvum sveitarfélaga.

Lagt var fram á fundinum minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga til Sorpu bs. vegna endurgreiðslu úr Úrvinnslusjóði vegna móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi á söfnunarstöðvum sveitarfélaga, dagsett 9. maí 2016. LG fór yfir helstu atriði minnisblaðsins. Einnig bar hann saman löggjöfina á Íslandi við tilskipun ESB 19/2012 um meðhöndlun rr-

úrgangs og skilning fulltrúa sveitarfélaganna á hlutverki þeirra og hver greiðslupátttaka framleiðenda eigi að vera. LG ítrekaði að samkvæmt upplýsingum er fram hafa komið frá Sorpu bs. til stjórnar Úrvinnslusjóðs, telur Sorpa sig ekki fá greitt fyrir þann kostnað frá Úrvinnslusjóði er hlýst af meðhöndlun rr-úrgangs á starfsvæði félagsins.

Stjórn telur best að fulltrúar sveitarfélaganna taki upp viðræður við UAR um túlkun á tilskipun 19/2012 um kostnaðarpátttöku framleiðenda við meðhöndlun rr-úrgangs.

Stjórn ályktar eftirfarandi:

Erindi verður ekki afgreitt að svo stöddu meðan að það er til skoðunar hjá þar til bærum aðilum. Endurgjald Úrvinnslusjóðs til þjónustuaðila verður óbreytt þangað til niðurstaða liggur fyrir.

5. Skilmálar um móttöku ökutækja til úrvinnslu

Á síðasta fundi var farið yfir drög að nýjum skilmálum um móttöku ökutækja til úrvinnslu. Skilmálarnir voru sendir út með fundarboði en eru ekki í útprentuðum gögnum fundarins.

Stjórn samþykkir skilmála merktir ÚRVS-01-2015 vegna meðhöndlunar á úrsérgegnum ökutækjum.

6. Frumvarp um meðhöndlun úrgangs

Lögð var fram á fundinum beiðni frá Nefndarsviði Alþingi um umsögn á frumvarpi um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

7. Heyrúlluplast

ÓK fór yfir að á 217. stjórnarfundum 26.1.2016 var gerð grein fyrir heyrúlluplasti sem PM Endurvinnsla náði ekki að endurvinnna áður en fyrirtækið varð gjaldþrota. PM endurvinnsla leigði aðstöðu hjá Íslenska Gámafélaginu. Áætlað magn af heyrúlluplasti á svæðinu er 316 tonn. Lagt var fram á fundinum erindi frá Pure North Recycling og Íslenska Gámafélaginu um hreinsun, flutning og endurvinnslu á heyrúlluplastinu. Umræðu frestað.

8. Önnur mál

Engin

Næsti fundur ákveðinn 24. maí 2016.

Fundi slitið kl 14:10